



## Bæjarstjórn Garðabæjar 12. (871)/2020

Boðað er til 12. (871). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 3. september 2020 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

### Dagskrá:

1. 2008018F - Fundargerð bæjarráðs frá 25/8 '20.
2. 2008029F - Fundargerð bæjarráðs frá 1/9 '20.  
2008336 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna svæðis í Urriðaholti.  
  
1811125 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.  
  
1810120 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akra vegna lóðarinnar við Ljósakur 6.  
  
2003384 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Silfurtúns vegna lóðarinnar við Aratún 36.  
  
2008122 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi einbýlishúss við Stórakur 6.  
  
2007767 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Smalahólts í Kópavogi.  
  
2008447 - Tillögur um almenningssamgöngur í Urriðaholti.
3. 2008010F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 19/8 '20.
4. 2008024F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 28/8 '20.
5. 2008022F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 31/8 '20.
6. 2008019F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 27/8 '20.
7. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 14/8 '20.
8. 2001161 - Fundargerð stjórnar SSH frá 7/8 '20.
9. 2008391 - Stofnun opinbers hlutafélags - Betri samgöngur ohf.
10. 2005438 - Endurskoðun reglna um félagslegt leiguhúsnaði Garðabæjar.
11. 2009024 - Samkeppni um 6 deilda leikskóla í Urriðaholti.



12. 2009025 - Tillaga að Garðabær hefji söfnun á lífrænum úrgangi.
13. 2009017 - Tillaga Garðabæjarlistans vegna fjárhagsáætlunar 2021 - forgangsöröðun uppbyggingar leik- og grunnskóla.
14. 2009018 - Tillaga Garðabæjarlistans vegna fjárhagsáætlunar 2021 - stafræn tækni og rafræn þjónusta.
15. 2009020 - Tillaga Garðabæjarlistans vegna fjárhagsáætlunar 2021 - tímabundin ráðning í stoðþjónustu.

Gunnar Einarsson,  
bæjarstjóri.

## Bæjarstjórn Garðabæjar

### 11. (870). fundur 2020

Fimmtudaginn 20. ágúst 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Stella Stefánsdóttir, Valborg Ösp Á Warén, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Almar Guðmundsson, annar varaforseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 18. júní 2020 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

#### **1. 2006027F - Fundargerð bæjarráðs frá 23/6 '20.**

Ingvar Arnarson, ræddi 10. tl., umsókn Bjargs íbúðafélags um stofnframlag til almennra íbúða.

Fundargerðin sem er 12 tl., er samþykkt samhljóða.

#### **2. 2006035F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/6 '20.**

Fundargerðin sem er 1 tl., er samþykkt samhljóða.

#### **3. 2006036F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/6 '20.**

Fundargerðin sem er 10 tl., er samþykkt samhljóða.

#### **4. 2007004F - Fundargerð bæjarráðs frá 7/7 '20.**

Fundargerðin sem er 14 tl., er samþykkt samhljóða.

#### **5. 2007013F - Fundargerð bæjarráðs frá 14/7 '20.**

Fundargerðin sem er 13 tl., er samþykkt samhljóða.

#### **6. 2007017F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/7 '20.**

Ingvar Arnarson, ræddi 6. tl., drög að samkomulagi um úthlutun og sölu byggingarréttar lóða á miðsvæði Álftaness.

Gunnar Einarsson, ræddi 6. tl., drög að samkomulagi um úthlutun og sölu byggingarréttar lóða á miðsvæði Álftaness og sagði frá því að samkomulag við Húsbygg ehf. hafi verið undirritað sl. föstudag.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 6. tl., drög að samkomulagi um úthlutun og sölu byggingarréttar lóða á miðsvæði Álftaness.

Fundargerðin sem er 7 tl., er samþykkt samhljóða.

**7. 2007022F - Fundargerð bæjarráðs frá 28/7 '20.**

Fundargerðin sem er 4 tl., er samþykkt samhljóða.

**8. 2008003F - Fundargerð bæjarráðs frá 11/8 '20.**

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., COVID19 - hættustig almannavarna.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., skólabyrjun haustið 2020.

Fundargerðin sem er 17 tl., er samþykkt samhljóða.

**9. 2008008F - Fundargerð bæjarráðs frá 18/8 '20.**

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 7. tl., fyrirspurn Garðabæjarlistans um almenningssamgöngur milli Urriðaholts og Ásgarðs.

Gunnar Einarsson, ræddi 7. tl., fyrirspurn Garðabæjarlistans um almenningssamgöngur milli Urriðaholts og Ásgarðs og sagði frá viðræðum við Strætó bs. og tillögum sem unnið er að um bættar almenningssamgöngur í Urriðaholti.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 7. tl., fyrirspurn Garðabæjarlistans um almenningssamgöngur milli Urriðaholts og Ásgarðs og sagði frá umræðu um málið í stjórn Strætó bs.

Fundargerðin sem er 7 tl., er samþykkt samhljóða.

**10. 2006038F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 1/7 '20.**

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar og 6. tl., endurskoðun reglna um félagslegt leiguhúsnæði Garðabæjar.

Fundargerðin lögð fram.

**11. 2006011F - Fundargerð leikskólanefndar frá 16/6 '20.**

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., framtíðarsýn og uppbyggingu leikskóla.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., framtíðarsýn og uppbyggingu leikskóla.

Fundargerðin lögð fram.

**12. 2007007F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 9/7 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

**13. 2006024F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 18/6 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

**14. 2003008F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 10/3 '20.**

Stella Stefánsdóttir, ræddi almennt um starfsemi Hönnunarsafnsins í sumar.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 6. tl., húsnæðismál Hönnunarsafnsins.

Gunnar Einarsson, sagði frá því undir umfjöllun um fundargerðina að fundarsalur bæjarstjórnar í Sveinatungu hafi verið tilnefndur til hönnunarverðlauna sem nefnast Dezeen Awards 2020.

Fundargerðin lögð fram.

**15. 2007008F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 8/7 '20.**

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., snyrtilegt umhverfi 2020.

Fundargerðin lögð fram.

**16. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 29/6 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

**17. 2001161 - Fundargerð stjórnar SSH frá 6/7 '20.**

Ingvar Arnarson, ræddi 12. tl., skilavegi - yfirfærslu vega til sveitarfélaga.

Gunnar Einarsson, ræddi 12. tl., skilavegi - yfirfærslu vega til sveitarfélaga.

Fundargerðin lögð fram.

**18. 2001493 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins. frá 19/6 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

**19. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 19/6 '20.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 3. tl., leiðanet og stöðu mála við undirbúning Borgarlínu.

Fundargerðin lögð fram.

**20. 2001357 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 22/6, 9/7 og 31/7 '20.**

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 3. tl., fg frá 31/7'20 aðgerðaráætlun um heildarlausn úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu. Jóna gerði grein fyrir helstu þáttum áætlunarinnar.

Fundargerðirnar lagðar fram.

**21. 2003017 - Fundargerð eigendafundar Sorpu bs. frá 22/6 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

**22. 2001494 - Fundargerðir samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 27/5 og 3/6 '20.**

Fundargerðirnar lagðar fram.

**23. 1808087 - Samkomulag við ÍAV vegna byggingar fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri.**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir samkomulagi við ÍAV vegna byggingar fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri.

Í samkomulaginu er fjallað um úrlausn ágreinings og gerðardómsmeðferð vegna framkvæmda við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri.

Ingvar Arnarson, tók til mál og lagði fram eftirfarandi bókun sem hann lagði fram við meðferð málsins á fundi bæjarráðs 23. júní 2020.

„Garðabæjarlistinn telur að ÍAV hafi haft allar upplýsingar þegar fyrirtækið tók þátt í alútboði um byggingu fjölnota íþróttahúss í Garðabæ. Í ljósi þessa er ekki hægt að samþykkja aukin útgjöld úr bæjarsjóði Garðabæjar vegna hönnunar og byggingu hússins. Einnig er óskiljanlegt að Garðabær ætli að samþykkja þetta mikla seinkun á afhendingu hússins án þess að rukka tafabætur. Að okkar mati hefur ÍAV ekki staðið við gerða samninga og þ.a.l. beðið mikla álitshnekki fyrir sitt framferði í þessu máli.“

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samkomulag við ÍAV með atkvæðum átta bæjarfulltrúa (AG,ÁHJ,SHJ,GVG,JS,GE,GS,SS). Tveir bæjarfulltrúar greiða atkvæði gegn samkomulaginu (ÍA,VÖÁW). Harpa Þorsteinsdóttir situr hjá við afgreiðsiu málsins.

**24. 2003237 – Tillaga um að fundir bæjarstjórnar og nefnda verði með fjarfundarbúnaði.**

Eftirfarandi tillaga er lögð fram samkvæmt dagskrá fundarins.

„Bæjarstjórn Garðabæjar gerir eftirfarandi samþykkt með vísan til VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020 og auglýsingar um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, (1. og 5. tl.) skv. sama ákvæði, dags. 11. ágúst 2020.

Auglýsing er birt vegna neyðarástands í samfélaginu af völdum COVID-19 farsóttar.

Bæjarstjórn samþykkir að heimilað verði að nota fjarfundarbúnað á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda sveitarfélagsins og víkja frá skilyrði í 3. mgr. 17.gr. sveitarstjórnarlaga þar sem áskilnaður er um miklar fjarlægðir eða erfiðar samgöngur innan sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn samþykkir að fundargerðir verði lesnar upp í lok fundar og samþykktar. Fundargerðir skulu sendar fundarmönnum með tölvupósti og undirritaðar þegar bæjarstjórn, bæjarráð og nefndir koma að nýja saman samkvæmt hefðbundnu fundarformi.

Samþykkt þessi gildir til 10. nóvember 2020, sbr. auglýsingu um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.“

Bæjarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 20. ágúst 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Almar Guðmundsson, (sign)  
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Stella Stefánsdóttir, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Valborg Ösp Á Warén, (sign)  
Gunnar Einarsson, (sign)  
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)  
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)  
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**33. (1941). fundur 2020**

Þriðjudaginn 25. ágúst 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót, K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2001444 - COVID-19, hættustig almannavarna.**

Bæjarstjóri gerði grein fyrir áherslum almannavarna varðandi ráðstafanir neyðarstjórna og sveitarfélaga og sagði frá því að neyðarstjórn Garðabæjar hafi komið saman til fundar í gær.

Bæjarstjóri sagði frá því að fyrirhugaður er fjarfundur með öllum forstöðumönnum til að fara nánar yfir helstu reglur og áherslur í starfsemi og aðgerðir til að tryggja sóttvarnir.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs gerði grein fyrir skólabyrjun í grunnskólum og tilhögun á aðlögun nýrra barna á leikskólunum. Fram kom að fyrirhugaður er sameiginlegur fundur fræðslustjóra með almannavörnum til að samræma reglur og áherslu í starfi skólanna á höfuðborgarsvæðinu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi sat fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

**2. 2007238 - Mariúgata 14 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ingvari og Kristjáni ehf., kt. 660399-2089, leyfi til að byggja raðhús að Mariúgötu 14.

**3. 2007241 - Mariúgata 16 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ingvari og Kristjáni ehf., kt. 660399-2089, leyfi til að byggja raðhús að Mariúgötu 16.

**4. 2007240 - Mariúgata 18 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ingvari og Kristjáni ehf., kt. 660399-2089, leyfi til að byggja raðhús að Mariúgötu 18.

**5. 1801358 - Tilkynning samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytis um að frumkvæðisathugun á samstarfssamningum sveitarfélaga sé lokið, dags. 20.08.20.**

Lögð fram.

**6. 2007246 - Bréf NPA miðstöðvarinnar um hækkun á launatöxtum aðstoðarfólks, dags. 19.08.20.**

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari athugunar bæjarstjóra.



7. **2008406 - Tilkyning frá Gæða og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar um ný gæðaviðmið fyrir félagslega þjónustu við fatlað fólk, dags. 20.08.20.**  
Bæjarráð vísar málinu til kynningar í fjölskylduráði og samráðshópi um málefni fatlaðs fólks.

8. **2003111 - Tillaga um breytingu á reglum um styrki til náms í leikskólakennarafræðum.**  
Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs gerði grein fyrir málinu.

Bæjarráð samþykkir tillögur um breytingar á reglum um styrki til náms í leikskólakennarafræðum.

9. **2008391 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi tillögu um stofnun opinbers hlutafélags um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, dags. 21.08.20.**  
Bæjarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu.

„Garðabær samþykkir að taka þátt í að stofna opinbert hlutafélag, Betri samgöngur ohf., um uppbyggingu samgönguinnviða með aðild ríkissjóðs, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar, sbr. heimild í 1. gr. laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, og leggi félaginu til hlutafé við stofnun þess með áskrift hluta að nafnvirði kr. 72.704,- í samræmi við fyrirhugaðan eignarhlut Garðabæjar í félaginu eða 1,818%.

Greiðsla hlutafjár verður með þeim hætti að Garðabær innir af hendi kr. 72.704,- með eingreiðslu í reiðufé til félagsins samhliða stofnun þess.

Í samræmi við framangreint samþykkir Garðabær stofnsamning og hluthafasamkomulag fyrir Betri samgöngur ohf., sbr. hjálögð skjöl, og felur bæjarstjóra að undirrita þessi skjöl fyrir hönd Garðabæjar.“

Bæjarráð vísar tillögunni til afgreiðslu bæjarstjórnar.

10. **2008447 - Tillögur Strætó bs. um almenningssamgöngur í Urriðaholti**  
Bæjarstjóri gerði grein fyrir viðræðum við Strætó bs. varðandi tillögur um almenningssamgöngur í Urriðaholti.

Lagt fram minnisblað Strætó bs. varðandi valmöguleika á þjónustu fyrir Urriðaholt.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að móta endanlega tillögu að bættri þjónustu almenningssamgangna við Urriðaholt ásamt gerð viðauka við fjárhagsáætlun vegna viðbótarkostnaðar.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 25. ágúst 2020 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**34. (1942). fundur 2020**

Þriðjudaginn 1. september 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2001444 - Covid-19, hættustig almannavarna.**

Bæjarstjóri sagði frá fundi almannavarna sl. föstudag og gerði grein fyrir áherslum almannavarna varðandi ráðstafanir neyðarstjórna og sveitarfélaga.

Bæjarstjóri sagði frá fundi með forstöðumönnum sem haldinn var í gær en þar var farið nánar yfir helstu reglur og áherslur í starfseminni og aðgerðir til að tryggja sóttvarnir.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsvið gerði grein fyrir skólastarfi og sagði nánar frá samstarfi rakningarteymis og skólastjórnenda varðandi sóttkví starfsmanna og lokun skóla.

Bæjarfulltrúi Sara Dögg Svanhildardóttir, sat fund bæjarráðs undir dagskrárliðum 1 og 2.

**2. 2003449 - Covid-19, fjárhagslegar aðgerðir Garðabæjar.**

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri mætti á fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið. Fjármálastjóri lagði fram málaflökkayfirlit fyrir tímabilið janúar - júní 2020 og gerði grein fyrir helstu frávikum. Fjármálastjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmda.

Þá gerði fjármálastjóri grein fyrir samantekt sem unnin hefur verið um innheimt útsvar og aðrar tekjur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á fyrri hluta ársins.

Lögð fram greinargerð um helstu niðurstöður starfshóps um fjármál sveitarfélaga en um er að ræða sameiginlegan starfshóp ríkis og sveitarfélaga til að meta áhrif Covid-19 á fjármál ríkis og sveitarfélaga. Í niðurstöðum starfshópsins kemur fram að gera megi ráð fyrir mun lakari rekstrarniðurstöðu sveitarfélaga 2020 og að tekjur þeirra af útsvari muni dragast verulega saman.

Fjármálastjóri gerði nánari grein fyrir forsendum sem byggt er á í framangreindum gögnum.

**3. 2007289 - Sveinskotsvör 2 - Umsókn um byggingarleyfi.**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sæmundi Sæmundssyni, kt. 170550-4479, leyfi til að byggja einbýlishús við Sveinskotsvör 2.

**4. 2008336 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna svæðis í Urriðaholti.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að lýsingu samkvæmt 1. mgr. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna svæðis í Urriðaholti, merktu 5.04 Vp. Tillagan gerir ráð fyrir að í skilmálum

komi fram heimild fyrir íbúðarbyggð innan reitsins. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun, örðum umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

**5. 1811125 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að endurauglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts samkvæmt 31. gr. skipulagslaga, sbr. 41. gr. laganna. Endurauglýsing tillögunnar skal birt samhliða auglýsingu á tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga, sjá lið 4 í fundargerð.

**6. 1810120 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akra vegna lóðarinnar við Ljósakur 6.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókna um breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna lóðarinnar við Ljósakur 6.

**7. 2003384 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Silfurtúns vegna lóðarinnar við Aratún 36.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Silfurtúns vegna lóðarinnar við Aratún 36. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og barst ein athugasemd. Svar við athugasemd liggur fyrir.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun og auglýst um samþykkt hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**8. 2008122 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi einbýlishúss við Stórákur 6.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna byggingar utan byggingarreits á lóðinni við Stórákur 6.

**9. 2006646 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Glaðheima í Kópavogi.**

Skipulagsnefnd telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við tillöguna.

Afgreiðsla skipulagsnefndar lögð fram.

**10. 2007767 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Smalahólts í Kópavogi.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að athugasemdum við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Smalahólts í Kópavogi.

**11. 2007148 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar.**

Skipulagsnefnd telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við tillöguna.

Afgreiðsla skipulagsnefndar lögð fram.

- 12. 2008524 - Tilkynning ÚUA um kæra vegna byggingar reiðskemmu á Álftanesi, dags. 25.08.2020.**  
Bæjarráð felur bæjarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.
- 13. 2003082 - Úrskurður ÚUA varðandi kæru vegna skipulags lóðarinnar að Hrauntungu.**  
Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála þar sem hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar bæjarráðs Garðabæjar um að synja beiðni um breytingu á á deiliskipulagi Garðahrauns vegna lóðarinnar Hrauntungu.
- 14. 2005107 - Umsagnarbeiðni vegna endurnýjunar rekstrarleyfis fyrir veitingahús að Garðatorgi 4b.**  
Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundum með Reginn og heilbrigðiseftirlitinu varðandi úrbætur á útblásturskerfi. Þá hefur einnig verið fundað með íbúum. Fyrir liggur áætlun frá Reginn um úrbætur sem send hefur verið heilbrigðiseftirlitinu.  
  
Garðabær geri ekki athugasemdir við að umbeiðð rekstrarleyfi fyrir veitingahús að Garðatorgi 4b verði endurnýjað.
- 15. 1801358 - Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis varðandi athugasemdir við samninga um samstarf sveitarfélaga, dags. 24.08.20.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra.
- 16. 2005438 - Endurskoðun reglna um félagslegt leiguhúsnæði Garðabæjar.**  
Bæjarráð vísar endurskoðun reglna um félagslegt leiguhúsnæði til afgreiðslu bæjarstjórnar.
- 17. 2006369 - Bréf Hrafnistu varðandi endurskoðun samnings um rekstur hjúkrunarheimilis, dags. 26.08.20.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra og til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.  
  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, vék sæti við umræðu og afgreiðslu málsins.
- 18. 2008547 - Tilkynning umhverfis- og auðlindaráðuneytis varðandi tillögur starfshóps vegna átaks í húsnæðismálum í tengslum við skipulagsmál, dags. 25.08.20.**  
Lögð fram.
- 19. 2008605 - Tilkynning Jafnréttisstofu varðandi landsfund um jafnréttismál sveitarfélaga, dags. 26.08.20.**  
Lögð fram.
- 20. 2002322 - Bréf umboðsmanns barna varðandi hlutverk og tilgang ungmennaráða sveitarfélaga, dags. 26.08.20.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar íprótta- og tómsundaráðs og ungmennaráðs.

**21. 2006364 - Bréf Umf-Stjórnunnar um að taka við rekstri á íþróttahúsinu Mýrinni, dags. 16.06.20.**

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari athugunar bæjarstjóra og til umfjöllunar í íþrótt- og tómstundaráði.

**22. 2003235 - Bréf Kvenfélags Garðabæjar um uppsögn samkomulags um rekstur samkomuhússins að Garðaholti, dags. 26.08.20.**

Bæjarráð samþykkir uppsögn samkomulags um rekstur samkomuhússins að Garðholti og felur bæjarstjóra að hefja viðræður við stjórn Kvenfélags Garðabæjar um skil á húsinu og gerð skilmála vegna uppsagnar.

**23. 2008633 - Bréf OSS ehf. varðandi leyfi fyrir OSS rafrennur og rafhjól í Garðabæ, dags. 25.08.20.**

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar nánari útfærslu varðandi leyfi fyrir staðsetningu og aðstöðu til tækni- og umhverfissviðs.

Bæjarráð telur eigi unnt að verða við umsókn um að veita fjárstyrk til verkefnisins að svo stöddu.

**24. 2008447 - Tillögur um almenningsamgöngur í Urriðaholti.**

Lögð fram eftirfarandi tillaga um almenningsamgöngur í Urriðaholti.

Virkir dagar:

18-manna vagn í áætlun:

Á hálf tíma fresti á annatíma frá kl. 7:00-9:00 og frá kl. 14:00-18:00

Pöntunarþjónusta:

Á klukkutíma fresti frá kl. 9:30-13:30 og frá kl. 18:30 -23:30

Helgar:

Pöntunarþjónusta:

Laugardagar frá kl. 8:30 - 23:30 á klukkutíma fresti

Sunnudagar frá kl. 9:30 - 23:30 á klukkutíma fresti

Um er að ræða tilraunaverkefni september 2020 - september 2021.

Viðauki við fjárhagsáætlun 2020 kr. 13.000.000.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja framlagða tillögu.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 1. september 2020 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)

**Fjölskylduráð Garðabæjar**  
**7. fundur 2020**

Miðvikudaginn 19. ágúst 2020 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigprúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður og Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Snædís Björnsdóttir, Verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1908321 - Endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar**

Tekið er fyrir mál nr. 1908321 Endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar. Íþróttá-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi kemur á fund ráðsins og kynnir drög að endurnýjaðri forvarnarstefnu Garðabæjar. Forvarnarfulltrúi hefur gert breytingar á stefnunni til samræmis við fyrri athugasemdir fjölskylduráðs og starfsmanna fjölskyldusviðs. Drögin rædd og ábendingum og athugasemdum fjölskylduráðs komið til skila. Fjölskylduráð lýsir ánægju sinni með vinnuna.

**2. 2005438 - Endurskoðun reglna um félagslegt leiguhúsnæði Garðabæjar.**

Tekið er fyrir mál nr. 2005438 endurskoðun reglna um félagslegt leiguhúsnæði Garðabæjar. Fyrirliggjandi drög að endurskoðuðum reglum um félagslegt leiguhúsnæði ásamt stigagjöf rædd. Fjölskylduráð samþykkir fyrir sitt leyti fyrirliggjandi drög að reglum og stigagjöf og vísar drögunum til afgreiðslu bæjarráðs Garðabæjar.

**3. 2007374 - Umsókn um fjárhagsaðstoð námsstyrkur**

Tekið er fyrir mál nr. 200734, umsókn um námsstyrk. Fjölskylduráð fjallar um málið og bókar nánar um það í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.



## Íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar 21. fundur 2020

Föstudaginn 28. ágúst 2020 kl. 15:00 kom íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður og Kári Jónsson íþróttá-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttá-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 2007056 - Emilía Katrín Matthíasdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**  
ÍTG samþykkir að greiða kr. 20.000,- í ferðastyrk til Emilíu Katrínar Matthíasdóttur kt.3005042210 vegna ferðar með HSÍ U16 ára til Færeyja 31. júlí til 3. ágúst 2020
- 2. 2008280 - Ásthildur Bertha Bjarkadóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**  
ÍTG samþykkir að greiða kr. 20.000,- í ferðastyrk til Ásthildar Berthu Bjarkadóttur kt. 0404022090 vegna U18 í handbolta í Færeyjum 31. júlí 2020
- 3. 2008145 - Katrín Tinna Jensdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómstundaráðs Garðabæjar**  
ÍTG samþykkir að greiða kr. 20.000,- í ferðastyrk til Katrínar Tinnu Jensdóttur kt.3107022180 vegna U18 HSÍ til Færeyja 31. júlí 2020
- 4. 2008574 - Merking göngu og hlaupaleiða - sumarstarf 2020**  
Lagt fram til kynningar.
- 5. 2008070 - Gagnaöflun og úrvinnsla - Heilsueflandi Garðabær**  
Lagt fram til kynningar.
- 6. 2008573 - Markaðssetning kvennaíþróttá - sumarátak 2020**  
Lagt fram til kynningar.
- 7. 2006537 - Æfingar í stað vinnuskóla**  
Lagt var fram erindi er varðar málefni unglunga til að fá að stunda æfingar í „afreksskóla“ í stað sumarvinnu vinnuskólans. ÍTG tók vel í að hugmyndin verði skoðuð nánar en telur mikilvægt að mótaðar verði einfaldar en skýrar reglur verði hugmyndin að veruleika.
- 8. 2006023 - Forvarnavika Garðabæjar 2020**  
Forvarnavika Garðabæjar verður haldin 7. til 14. október 2020.  
Slagorð vikunnar sem unnið er út frá verður "að standa með sjálfum sér". Unnið er að mótun dagskrár í samvinnu við fulltrúa Ungmennaráðs Garðabæjar en einnig þvert á deildir og svið.
- 9. 2008396 - Forvarnir - Dale Carnegie námskeið H2020**

ÍTG samþykkir áframhaldandi kaup á námskeiði á vegum Dale Carnegie fyrir 13-15 ára haustið 2020.

**10. 2006244 - Umsókn í forvarnarsjóð - Sleikur**

ÍTG samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 200.000,- með kaupum á spilinu "Sleik" til allra félagsmiðstöðva og elstu bekkja grunnskóla bæjarins. Jafnframt munu höfundar kenna notkun spilsins og taka þátt dagskrá forvarnaviku Garðabæjar.

**11. 2006364 - Beiðni um að taka við rekstri á íþróttahúsinu Mýrinni.**

Ósk Stjórnunnar um formlegar viðræður um að félagið yfirtaki rekstur á íþróttahúsinu og sundlauginni Mýrinni var lögð fram til kynningar.

**12. 2007276 - Almenningsmótaröðin Víkingar - keppni innan Garðabæjar**

ÍTG samþykkir að veita Meðbyr ehf. styrk að upphæð kr. 200.000,- vegna tveggja almenningsíþróttaviðburða, fjallahjólakeppnin Landsnet MTB og hlaupið Eldslóðin, í landi Garðabæjar 25. og 26. september 2020. Skilyrði er að styrkurinn fari til að greiða þóknun til frjálsra félaga eða samtaka innan Garðabæjar sem aðstoða við framkvæmd viðburðanna.

**13. 2003215 - Covid 19 aðgerðir í íþróttamiðstöðvum**

Íþróttafulltrúi skírði til hvaða aðgerða hefði verið gripið í íþróttamiðstöðvum og sundlaugum bæjarins í annarri bylgju Covid 19 nú þegar skólahald er að hefjast.

Undir önnur mál var sagt frá framkvæmdum í Vetrarmýri, Íþróttamiðstöðinni Mýrinni, æfingaaðstöðu GKG, íþróttasvæðinu Breiðumýri á Álftanesi þar sem unnið er að lýsingu knattspyrnuvallar og nýju gólfi íþróttahússins.

GJ benti á vinsældir Frisbígolfvallarins við Vífilsstaði og þörfinni á að opna fleiri slíka velli.

GJ benti einni á að undirbúa þyrfti hver sæi um lagningu gönguskíðabrauta í vetur.

GPL spurði um skipulag í Urriðaholti hvað varðar íþróttaaðstöðu þar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Menningar- og safnanefnd Garðabæjar**  
**23. fundur 2020**

Mánudaginn 31. ágúst 2020 kl. 17:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2008541 - Starfsáætlun menningar- og safnanefndar**

Starfsáætlun menningar- og safnanefndar veturinn 2020-2021 lögð fram og rædd. Farið var lítillega yfir stöðu fjármála málaflokksins 0500-Meningarmál og einstakra deilda innan málaflokksins.

Á næsta fundi verður fjallað um fjárhagsáætlun næsta árs.

**2. 2008518 - Menningardagskrá fyrir skólahópa á haustönn 2020**

Fyrir fundinum lá tillaga menningarfulltrúa að menningardagskrá fyrir skólahópa í Garðabæ haustið 2020. Í tillögunni eru eftirtaldir viðburðir m.a. tilgreindir:

Dúó Stemma í sal Tónlistarskóla Garðabæjar fyrir nemendur elstu deilda leikskóla bæjarins.

Hrekkjavökujazz í sal Tónlistarskóla Garðabæjar fyrir nemendur í 1.-4. bekk grunnskóla.

100% ull í Hönnunarsafni Íslands fyrir nemendur í 5.-7. bekk grunnskóla.

Stefnumót við rithöfund í Sveinatungu í Forvarnavíku Garðabæjar, fyrir nemendur í 8.-9. bekk grunnskóla. Í kjölfarið yrði efnt til smásagnasamkeppni meðal nemenda í kjölfarið þar sem nemendur geta fengið leiðsögn kennara við ritun smásagna og kynna úrslit vorið 2021.

Rafóperan Music and the brain í Tjarnarbíói fyrir nemendur í 10. Bekk grunnskóla.

Að mati menningarfulltrúa er, á þeim tímum þegar menningarviðburðir fyrir fjölskyldur verða ekki með sama sniði og venjulega sökum Covid-19, enn brýnna en áður að bjóða skólahópum upp á innihaldsríka dagskrá.

Menningar- og safnanefnd samþykkir tillögu menningarfulltrúa að menningardagskrá fyrir skólahópa í Garðabæ haustið 2020. Menningarfulltrúi mun við framkvæmd verkefnisins hafa samráð við skólayfirvöld í bænum.

**3. 2008591 - Fundur með mennta-og menningarmálaráðherra um Hönnunarsafnið**

Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs skýrði frá fundi sem hann átti þann 26. ágúst sl. með

mennta- og menningarmálaráðherra og fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis um málefni Hönnunarsafns Íslands. Fyrir hönd bæjarins sátu einnig stjórnarformaður og forstöðumaður Hönnunarsafnsins, formaður menningar- og safnanefndar og menningarfulltrúi fundinn.

#### 4. 2006079 - Dagskrá 17. júní 2020

Farið var yfir framkvæmd þjóðhátíðardagsins 17. júní sl.

Í ljósi samkomutakmarkana vegna Covid-19 í sumar voru Garðbæingar hvattir til að halda þjóðhátíðardaginn í ár hátíðlegan í samveru fjölskyldu og vina í sínu nærumhverfi, njóta útivistar, fara í sund og heimsækja söfn.

#### 5. 2007021 - Sumardagskrá 2020

Samkvæmt kynntri dagskrá um Sumarfjör á Garðatorgi 2020 voru viðburðir áformaðir á torginu 9. júlí, 23. júlí, 6. ágúst og 8. ágúst sl. Niðurstaðan var sú að fjör var á torginu 9. og 23. júlí en aðrir viðburðir féllu niður vegna hertra samkomutakmarkana í sumar.

Stefnt er að því að Sumarfjör á Garðatorgi verði framvegis á meðal fastra menningarviðburða sem boðið er upp á í Garðabæ

#### 6. 2001324 - Jazzhátíð Garðabæjar 2020

Staða viðburðarins í ár rædd í ljósi Covid-19 samkomutakmarkana.

#### 7. 1911310 - Þriðjudagsklassík 2020

Staða viðburðarins í ár rædd í ljósi Covid-19 samkomutakmarkana.

#### 8. 2008540 - Vinnuaðstaða í Króki haust 2020

Samþykkt að fela menningarfulltrúa að auglýsa eftir umsóknum listamanna og fræðimanna um vinnuaðstöðu í Króki um haust 2020.

#### 9. 2008671 - Önnur mál menningarmála

Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs skýrði frá verkefni á sviði menningarmála í tengslum við sumarstörf ungmenna á vegum bæjarins í ár. Um var að ræða gerð viðskiptaáætlunar fyrir menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ sem starfshópur skipaður fjórum ungmönnum vann undir stjórn menningarfulltrúa í sumar. Unnið er að lokafrágangi greinargerðar verkefnisins.

Formaður ræddi endurskoðun menningarstefnu Garðabæjar og samstarf við Hönnunarsafn Íslands og Tónlistarskóla Garðabæjar í kjölfar sameiginlegra funda með stjórnnum þessara stofnana bæjarins á síðasta ári en öll þessi mál eru meðal nýrra mála sem tilgreind eru í starfsáætlun menningar- og safnanefndar 2020-2021

300 ára ártíð Jóns biskups Vídalíns var minnst með guðspjónustu í Garðakirkju að viðstöddum biskupi sl. sunnudag. Jón Vídalín fæddist í Görðum og gegndi þar prestþjónustu þartil hann varð biskup í Skálholti.

Hönnunarhópur í sumarstarfi kom með tillögur að stöðum þar sem hægt væri að skreyta með veggjalist en hópurinn málaði m.a. regnbogafána á Garðatorgi og bláar doppelur sem vísa farþegum strætó að Hönnunarsafni.

Skapandi sumarstörf luku fjölbreyttum verkefni með sóma.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

**Skipulagsnefnd Garðabæjar**  
**8. fundur 2020**

Fimmtudaginn 27. ágúst 2020 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Ingvar Arnarson varamaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2008336 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 5. Urriðaholt 5.04 Vp.**

Lögð fram tillaga að lýsingu aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags fyrir Urriðaholt Norður 4 ásamt matslýsingu.

Deiliskipulag fyrir norðurhluta 4 í Urriðholti hefur farið í gegnum kynningarferli skv. lögum. Við lokaafgreiðslu Skipulagsstofnunar var bent á að ekki væri ljóst hvernig áform um íbúðarbyggð við Lautargötu á svæði 5.04 Vp samræmdust aðalskipulagi Garðabæjar. Engar athugasemdir voru gerðar við önnur svæði deiliskipulagsins.

Í skilmálun aðalskipulags fyrir reit 5.04 Vp er sagt að meirihluti byggðar í þeim reit skuli vera atvinnuhúsnæði en láðst hefur að geta þess hvaða önnur landnotkun sé þar heimil. Til að skýra þetta verður lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar á þann veg að skýrt komi fram að íbúðarbyggð sé leyfð á því svæði sem um ræðir í stað atvinnuhúsnæðis.

Vegna þessa þarf að endurauglýsa Deiliskipulag Urriðaholts norðurhluta 4 og er ráðgert að auglýsa það með óbreyttum skilmálum og uppdrætti. Markmið

aðalskipulagsbreytingarinnar er að setja það fram á skýran hátt að innan reits 5.04 Vp sé íbúðarbyggð einnig heimil og að í skilmálum fyrir reitinn komi fram að heimild fyrir íbúðarhúsnæði miði við að það sé innan við 50% af heildar byggingarmagni reitsins.

Engin breyting er áformuð á uppdrættinum, bara skilmálum um reitinn 5.04 Vp.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða lýsingu og matslýsingu.

**2. 1811125 - Urriðaholt Norðurhluti 4 - deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að lýsingu aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags fyrir Urriðaholt Norður 4 ásamt matslýsingu.

Deiliskipulag fyrir norðurhluta 4 í Urriðholti hefur farið í gegnum kynningarferli skv. lögum. Við lokaafgreiðslu Skipulagsstofnunar var bent á að ekki væri ljóst hvernig áform um íbúðarbyggð við Lautargötu á svæði 5.04 Vp samræmdust aðalskipulagi Garðabæjar. Engar athugasemdir voru gerðar við önnur svæði deiliskipulagsins.

Í skilmálun aðalskipulags fyrir reit 5.04 Vp er sagt að meirihluti byggðar í þeim reit skuli vera atvinnuhúsnæði en láðst hefur að geta þess hvaða önnur landnotkun sé þar heimil. Til að skýra þetta verður lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar á þann veg að skýrt komi fram að íbúðarbyggð sé leyfð á því svæði sem um ræðir í stað

atvinnuhúsnæðis.

Vegna þessa þarf að endurauglýsa Deiliskipulag Urriðaholts norðurhluta 4 og er ráðgert að auglýsa það með óbreyttum skilmálum og uppdrætti. Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að setja það fram á skýran hátt að innan reits 5.04 Vp sé íbúðarbyggð einnig heimil og að í skilmálum fyrir reitinn komi fram að heimild fyrir íbúðarhúsnæði miði við að það sé innan við 50% af heildar byggingarmagni reitsins. Engin breyting er áformuð á uppdrættinum, bara skilmálum um reitinn 5.04 Vp. Skipulagsnefnd samþykkir framlagða lýsingu og matslýsingu.

### 3. 2003086 - Lyngmóar 3 - Umsókn um byggingarleyfi

Grenndarkynningu lýkur 20 ágúst

Lögð fram byggingarleyfisumsókn að lokinni grenndarkynningu. Tvær athugasemdir hafa borist og þær lagðar fram. Vísað til skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði.

### 4. 2003384 - Aratún 36 - stækkun byggingarreits - Ósk um dsk breytingu

Lögð fram tillaga að óverulegri deiliskipulagsbreytingu að lokinni grenndarkynningu. Tillagan gerir ráð fyrir því að byggingarreitur bílageymslu stækki til vesturs um 1,5 metra, þ.e. inn á baklóðina. Einnig gerir tillagan ráð fyrir því að nýtingarhlutfall hækki úr 0,3 í 0,5 vegna rýma sem fyrir eru í kjallara hússins og fyrirhugaðs lagnarýmis undir bílskúr.

Athugasemdir sem borist hafa lagðar fram. Eigendur Aratúns 34 gera athugasemd við það að bílageymsla lengist um 1,5 m til norðurs. Einnig er ítrekað að bílageymsla verði ekki hærri en 3,2 m.

Svar skipulagsnefndar vegna athugasemda er eftirfarandi: Fyrir mistök segir í erindi með grenndarkynntum gögnum að byggingareitur stækki til norðurs, rétt er að hann stækki til vesturs eins og segir á uppdrætti í texta og lesa má af uppdrætti. Tillagan gerir ekki ráð fyrir því að bílskúr sé hærri en 3,2 m.

Lögð fram tillaga að hæðarblaði sem Efla hefur unnið og þar kemur fram hæðarkóti aðalhæðar hússins og hæðarkóti bílageymslunnar sem er 50 cm lægri en hæðarkóti aðalhæðar. Hæðarkóti sem er 50 cm lægri byggir á upphaflegum teikningum hússins. Heimiluð hæð bílageymslu, 3,2 m miðast við hæðarkóta bílageymslunnar.

Skipulagsnefnd samþykkir hæðarblaðið og vísar því til bæjarverkfræðings til útgáfu.

Mæliblað sem byggir á deiliskipulagi var gefið út árið 2016 og er í gildi.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagsbreytinguna í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### 5. 1810120 - Ljósakur 6-breytingar á geymslum

Lögð fram ósk eigenda einnar íbúðar í fjölbýlishúsinum um að skipulagsnefnd endurskoði svar sitt við erindi sem barst frá eigendum árið 2018. Óskað er eftir frekari rökstuðningi.

Svar skipulagsnefndar var eftirfarandi: "Samkvæmt tillögu verður húsið 3 hæða í stað tveggja hæða og kallar á deiliskipulagsbreytingu. Þeirri deiliskipulagsbreytingu er hafnað þar sem að breytingin hefur áhrif á hús við Hjálmakur en eigendur þeirra hafa áður lýst sig andsnúna þeirri útfærslu."

Skipulagsnefnd vísar til fyrra svars og minnir á að á sínum tíma hafi verið skoðað að heimila íverurými í kjallara hússins en niðurstaðan hafi verið sú að það hefði neikvæð áhrif fyrir aðliggjandi hús við Hjálmakur. Húbyggjendur hafið síðan farið þá leið að ganga þannig frá lóð hússins að útveggir kjallara er ofanjarðar að neðanverðu og því skiljanlegt að eigendum þyki eðlilegt að breyta notkun kjallarans. Það breytir ekki því að eigendur húsa við Hjálmakur eiga að geta vænst þess að deiliskipulag haldi. Við

Ljósakur 2 háttar þannig til að engin hús hús standa neðan við og grenndaráhrif því óveruleg.

**6. 2008122 - Stórakur 6 - Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram umsókn byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir sólskála sem er utan byggingareita og nær auk þess að lóðarmörkum. Umsóknin kallar á deiliskipulagsbreytingu sem skipulagsnefnd hafnar þar sem hún er alls ekki í samræmi við byggðarmynstur deiliskipulagsins.

**7. 2007239 - Urriðaholtsstræti 42, dsk breyting**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts Norðurhluta 3 sem gerir ráð fyrir því að íbúðum á lóðinni fjölgi út 9 í 10. Færð eru rök fyrir því að sú lausn liggi beinast við við hönnun byggingarinnar.

Tillögu er vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

**8. 2007148 - Reykjanesbraut, tvöföldun, aðalskipulagsbreyting**

Lögð fram lýsing á breytingu Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna fyrirhugaðrar tvöföldunar Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við framlagða lýsingu á fyrirhugaðri breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

**9. 2006646 - Glaðheimar vesturhluti. Breytt deiliskipulag í Kópavogi.**

Lögð fram tillaga að breytingum á deiliskipulagi Glaðheima í Kópavogi. Lagt fram minnisblað tækni- og umhverfissviðs þar sem lagt er mat á áhrif breytinganna með hliðsjón af hagsmunum Garðabæjar.

Með vísan í framlagt minnisblað gerir skipulagsnefnd engar athugasemdir við tillöguna.

**10. 2007204 - Vinnslutillaga nýs Aðalskipulags Kópavogs 2019-2031+. Kynning skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Lögð fram vinnslutillaga að endurskoðuðu Aðalskipulags Kópavogs sem hefur verið vísað til forkynningar skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Í erindi Kópavogsbæjar sem dagsett er 10.júlí sl er óskað eftir umsögn Garðabæjar um tillöguna og frestur gefinn til 31. ágúst.

Skipulagsnefnd hefur ekki fundað eftir að tillagan barst Garðabæ um mitt sumar. Skipulagsstjóri Garðabæjar óskaði eftir lengri frest hjá Kópavogsbæ til þess að vinna umsögnina en því var hafnað. Það er margt í tillögunni sem þarfnast skoðunar út frá hagsmunum Garðabæjar og tækni- og umhverfissviði falið að vinna tillögu að umsögn sem mun verða send til Kópavogsbæjar þegar hún er tilbúin.

**11. 2007767 - Skipulag - Þorrasalir 37, Kópavogur. Breytt deiliskipulag.**

Lög fram tillaga að breytingu deiliskipulagi Hnoðrahólts og Smalahólts í Kópavogi. Breytingin nær til lóðarinnar Þorrasalir 37 og gert ráð fyrir því að lóðin stækki til vestur sem nemur opnu svæði sem er vestan við lóðina að bæjarmörkum að Garðabæ.

Byggingarreitur lóðarinnar stækkar einnig.

Skipulagsnefnd gerir athugasemd við að opið grænt svæði sé skert og minnir á að lítið er um opin svæði í deiliskiplagi Hnoðrahólts í Kópavogi. Í greinargerð deiliskipulags segir um opin svæði: "Deiliskipulagssvæðið liggur að stóru opnu svæði til austurs og suðurs. Inni í hverfinu verða græn svæði sem nýtast fyrir gönguleiðir, leiksvæði og trjárækt.

Opin svæði til leikja og útiveru innan deiliskipulagsins þ.e. grenndarvellið,

trjáræktarsvæði, ásamt leikskóla tengjast með stígum."



Skiplagsnefnd bendir á að þau opnu grænu svæði sem deiliskipulagið getur um eru Garðabæjarmegin sveitarfélagsmarka og þessu hefur verið gætt í tilögu að deiliskipulagi Hnoðrahólts norður sem nú er í auglýsingu að græn svæði séu milli núverandi byggðar í Kópavogi og hinnar nýju byggðar Garðabæjarmegin. Því er eðlilegt að Kópavogur sjái til þess að þau fáu svæði sem eru opin Kópavogsmegin séu óskert.

## **12. 2008020F - afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 9**

Fundargerð lögð fram.

- 12.1 2006080 - Goðatún 12 - Endurbygging bílskúrs - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

### **Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir stækkun byggingareits vegna bílgeymslu að lokinni grenndarkynningu. Engar athugasemdir bárust. Tillgan skoðast því samþykkt. (sjá einnig mál nr.2005191). Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

- 12.2 2007128 - Bakkaflöt 2-Umsókn um byggingarleyfi

### **Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir smáhýsi úr steinsteypu undir geymslu og bað.

Skipulagsstjóri metur tillögun sem óverulega breyting á deiliskipulagi Flata og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum Bakkaflatar 1, 3 og 4 og Hagafatar 18, 20 og 22. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

- 12.3 2007100 - Krókamýri 56 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

### **Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9**

Lögð fram tillaga að hæð girðingar á lóðarmörkum. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við hæð girðinga að götu né á lóðarmörkum að Krókamýri 54. Athygli er vakin á því að þessi afgreiðsla nær ekki til girðinga við eða á lóðarmörkum annarra aðliggjandi lóða.

- 12.4 2008275 - Maríugata 23-29 breyting á þaki - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

### **Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9**

Fyrirspurn vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

- 12.5 2007394 - Maríugata 31-37 breytingar á raðhúsi - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

### **Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9**

Fyrirspurn vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

- 12.6 2006070 - Hraungata 12 - Umsókn um byggingarleyfi

### **Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9**

Fyrirspurn vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

- 12.7 2006486 - Kinnargata 39 - Umsókn um byggingarleyfi

### **Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 9**

Löðg fram fyrirspurn um það hvort heimilað verði að að breyta hæðarkótum húshlutanna þannig að þeir verði í sömu hæð. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verði vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað hæðarkóta húss varðar á meðan að miðað er við neðri gólfkóta. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

## 326. fundur

Föstudaginn 14. ágúst 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórn Strætó bs. í fjarfundi og hófst hann kl. 11:00.

### Mætt voru

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir sviðsstjóri gæða- og mannauðssviðs.

### Dagskrá fundar:

1. Árshlutauppgjör fyrir janúar til júní 2020..
2. Forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2021.
3. Kostnaðargreining rekstrar og fjárfestingargetu Strætó.
4. Nýtt leiðanet, breytingar í skoðun fyrir sumarið 2021.
5. Önnur mál.

### Tekið fyrir:

#### 1. Árshlutauppgjör fyrir janúar til júní 2020

Framkvæmdastjóri lagði fram og kynnti sex mánaða uppgjör félagsins pr. 30. júní 2020. Árshlutauppgjórið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.

Rekstrarafkoman er lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir og skýrist frávik frá áætlun að stærstum hluta af lægri fargjaldatekjum vegna Covid 19 faraldursins. Tekjur eru um 11% undir áætlun og rekstrargjöld eru um 8% lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða er neikvæð um 211 m.kr. fyrstu sex mánuði ársins sem er 117 m.kr. lakari staða en áætlun gerði ráð fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta árshlutauppgjör 30.06 2020 með undirskrift sinni á næsta stjórnarfundum.

#### 2. Forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2021

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu vinnu við helstu forsendur fjárhags- og starfsáætlunar fyrir árið 2021. Samhæfing vinnu byggðasamlaganna við fjárhagsáætlun 2021 er í höndum SSH. Undanfarin ár hefur almennt verið miðað við forsendur í þjóðhagsspá við gerð fjárhagsáætlana byggðasamlaganna þ.m.t. Strætó en nú þarf einnig að skoða víðtæk áhrif Covid 19 á starfsemi byggðasamlaganna á næsta ári.

Vísað til áframhaldandi umræðu á næsta fundi stjórnar.

#### 3. Kostnaðargreining rekstrar og fjárfestingargetu Strætó

Lögð voru fram vinnuskjöl frá KPMG vegna kostnaðargreiningar rekstrar og fjárfestingargetu Strætó.

Vísað til áframhaldandi umræðu á næsta fundi stjórnar. Samþykkt var að fá fulltrúa KPMG inn á þann fund til að kynna helstu niðurstöður verkefnisins.

#### 4. Nýtt leiðanet, breytingar í skoðun fyrir sumarið 2021

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir sem í skoðun eru að breytingum á leiðakerfi Strætó fyrir sumarið 2021.

Umræddar breytingar eru í samræmi við leiðarljós Strætó, Nýtt leiðanet, en markmið þess verkefnis er að laga Strætó að breyttu skipulagi og innleiða nýjar áherslur þar sem örari tíðni og styttri ferðatími verður í forgrunni.

## 5. Önnur mál

- a) Framkvæmdastjóri fór yfir hvernig til hefur tekist í almenningssamgöngum á vegum Strætó eftir að ný fyrirmæli stjórnvalda í sóttvörnum vegna Covid 19 voru kynnt. Ekki hafa komið upp nein sérstök vandamál vegna þeirra.

Fundi slitið kl. 12:20.

### Fylgiskjöl:

- Árshlutareikningur pr. 30.06.2020.
- Forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2021 dagsett 14.08.2020.
- Nýtt leiðanet – Breytingar í skoðun fyrir sumar 2021, dagsett 14.08.2020.

\_\_\_\_\_  
Hjálmar Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Gunnar Valur Gíslason

\_\_\_\_\_  
Sigrún Edda Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Karen Halldórsdóttir

\_\_\_\_\_  
Helga Ingólfssdóttir

\_\_\_\_\_  
Ásgeir Sveinsson



## Stjórn SSH 500. fundur

Föstudaginn 7. ágúst 2020, kl. 10:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Birgir Björn Sigurjónsson, Reykjavíkurborg

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Samgöngusáttmálinn/ málsnr. 2003010

Ný samgönguáætlun og frumvarp um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu hafa verið samþykkt á Alþingi. Nú liggja fyrir drög að samþykktum fyrir hlutafélagið og hlutahafasamkomulagi sem taka þarf afstöðu til. Skrifstofa SSH hefur yfirfarið umrædd drög og sett fram ákveðnar breytingartillögur.

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynna drög að samþykktum og hlutahafasamkomulagi og tillögur til breytinga á þeim.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra SSH er falið að koma breytingartillögum SSH, að teknu tilliti til umræðna fundarins, á framfæri við fjármála- og efnahagsráðuneytið. Við þá vinnu verði jafnframt haft samráð við fulltrúa SSH í stýrihópnum. Í kjölfar þess verði umrædd drög, ásamt þá áorðnum breytingum, send sveitarfélögunum til umræðu og afgreiðslu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

# Reglur Garðabæjar um félagslegt leiguhúsnæði

## I. kafli

### Skilgreiningar, umsóknir og ráðgjöf

#### 1. gr.

##### Markmið

Félagslegar leiguíbúðir eru ætlaðar fjölskyldum og einstaklingum sem þurfa sérstaka aðstoð til að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra tekna, þungrar framfærslubyrði og/eða annarra félagslegra erfiðleika og skulu fjárhags- og félagslegar aðstæður þeirra metnar út frá þeim viðmiðum sem kveðið er á um í þessum reglum.

#### 2. gr.

##### Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum og 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

##### Skilgreiningar

Með félagslegu leiguhúsnæði í reglum þessum er átt við almennt félagslegt leiguhúsnæði og sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk.

*Almennt félagslegt leiguhúsnæði* er ætlað þeim fjölskyldum og einstaklingum, þ. á m. öldruðum, námsmönnum, fötluðu fólki og öðrum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum félagslegra aðstæðna, þungrar framfærslubyrði og lágra tekna.

*Sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk* er íbúðarhúsnæði sem er ætlað þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þurfa umfangsmikla aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili.

#### 4. gr.

##### Umsóknir, fylgigögn og ráðgjöf

Sækja skal um félagslegt leiguhúsnæði rafrænt á íbúagátt Garðabæjar/Mínum Garðabæ. Fjölskyldusvið annast móttöku og afgreiðslu umsókna. Ráðgjafi fjölskyldusviðs veitir félagslega ráðgjöf í tengslum við umsókn um félagslegt leiguhúsnæði.

Aðeins er heimilt að leggja fram umsókn um eina tegund af félagslegu leiguhúsnæði, hverju sinni. Í þeim tilfellum þar sem umsækjandi leggur fram aðra umsókn þar sem sótt er um aðra tegund félagslegs leiguhúsnæðis og sú umsókn er samþykkt á biðlista, fellur eldri umsókn sjálfkrafa úr gildi. Berist fleiri umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði á sama tíma tekur

fjölskyldusvið ákvörðun um hver þeirra sé samþykkt á grundvelli faglegs mats ráðgjafa og skilyrði reglna þessara.

Umsókn skal staðfest með rafrænum skilríkjum eða Íslykli eða undirrituð á sérstakt umsóknareyðublað af hálfu umsækjanda eða eftir atvikum lögráðamanni, umboðsmanni eða persónulegum talsmanni hans.

Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn í viðhengi:

- Afrit af staðgreiðsluskrá Ríkisskattstjóra yfirstandandi árs og næstliðins árs vegna umsækjanda sem og maka/sambúðaraðila.
- Staðfest afrit síðasta skattframtals heimilisfólks.
- Afrit af launa- og/eða bótaseðlum heimilisfólks þriggja síðustu mánaða.
- Afrit af gildandi húsaleigusamningi, ef við á.
- Umsækjandi með tímabundið dvalarleyfi skal leggja fram afrit af dvalarleyfinu.

Sé sótt um sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk skal einnig liggja til grundvallar:

- Staðfest fötlunargreining. Með fötlunargreiningu er átt við staðfestingu frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eða öðrum viðurkenndum greiningaraðilum.
- Heildstætt mat stuðnings- og stoðþjónustu Garðabæjar á þjónustupörf sem unnið er í samvinnu við umsækjanda.
- Mat á stuðningsþörf (SIS) ef það liggur fyrir.

Með umsókn um félagslegt leiguhúsnæði veitir umsækjandi fjölskyldusviði Garðabæjar heimild til að afla gagna frá þeim aðilum sem þar eru tilgreindir, svo sem skattayfirvöldum. Heimilt er, með samþykki umsækjanda, að óska eftir ítarlegri upplýsingum og/eða gögnum frá öðrum aðilum á meðan á umsóknarferlinu stendur.

Hafi umsækjandi ekki skilað viðeigandi gögnum til fjölskyldusviðs Garðabæjar innan 30 daga frá umsóknardegi er umsókn hans vísað frá. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar töf á gagnaskilum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

Umsækjandi skal upplýsa fjölskyldusvið um allar breytingar sem verða á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á mat á þörf fyrir félagslegt leiguhúsnæði.

## II. kafli

### Almennt félagslegt leiguhúsnæði

#### 5. gr.

**Skilyrði fyrir því að umsókn um almennt félagslegt leiguhúsnæði verði samþykkt á biðlista**

Umsækjandi skal uppfylla öll skilyrði 5. gr. til að umsókn verði samþykkt á biðlista.

- Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi.
- Umsækjandi skal eiga lögheimili í Garðabæ.
- Gildistími tímabundins dvalarleyfis skal vera að lágmarki 12 mánuðir.

- d) Umsækjandi skal ekki vera eigandi að húsnæði, hérlendis eða erlendis.
- e) Tekjur og eignir umsækjanda fari ekki yfir tekju- og eignamörk sem tilgreind eru í reglugerð nr. 1042/2013 um lánveitingar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til sveitarfélaga, félaga og félagasamtaka sem ætlaðar eru til byggingar eða kaupa á leiguíbúðum, með síðari breytingum. Með tekjum er átt við allar tekjur skv. II. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003 samkvæmt skattframtali síðasta árs, staðfestu af ríkisskattstjóra, að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr. sömu laga. Með eignum er átt við heildareign að frádregnum heildarskuldum, með vísan til 72.-75. gr. laga um tekjuskatt skv. skattframtali síðasta árs, staðfestu af ríkisskattstjóra
- f) Umsóknir skulu metnar samkvæmt ákveðnum matsviðmiðum, sbr. fylgiskjal nr. 1 með reglum þessum. Við lok mats eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig. Til þess að umsókn verði samþykkt á biðlista þarf umsækjandi að vera metinn til að lágmarki eftirfarandi stiga:
- Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk til 5 stiga eða meira
  - Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með 1 barn til 7 stiga eða meira
  - Einstaklingur/hjón/sambúðarfólk með tvö börn eða fleiri til 8 stiga eða meira.
- g) Umgengnisforeldri skal leggja fram staðfestan umgengnissamning frá sýslumanni, sbr. 5. mgr. 46. gr.. barnalaga nr. 76/2003 eða úrskurð sýslumanns um umgengni skv. 47. eða 47. gr. a. sömu laga, dómi eða dómsátt, sem sýnir fram á að umgengni sé að lágmarki í 60 daga á ári. Þegar svo háttar telst barnið til heimilismanns, sem þýðir að tekjumörk reiknast samkvæmt því og umsækjandi getur óskað eftir viðeigandi stærð íbúðar miðað við fjölda heimilismanna.
- h) Umsókn umsækjanda sem er í vanskilum með leigugreiðslur við Garðabæ öðlast því aðeins gildi hafi umsækjandi gert full skil á vangoldnum leigugreiðslum eða um skuldina hafi verið samið. Sama gildir um umsókn um milliflutning. Umsækjanda skal leiðbeint um þau úrræði sem honum standa til boða vegna fjárhagserfiðleika.

Fjölskyldusvið Garðabæjar leggur faglegt mat á umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði og samþykkir umsóknir á biðlista eða eftir atvikum hafnar þeim. Umsækjanda skal tilkynnt skriflega um hvort umsókn hans hafi verið samþykkt á biðlista og hvernig umsókn hans hafi verið metin skv. f. lið 1. mgr. 5. gr. reglna þessara.

## 6. gr.

### Undanþágur frá skilyrðum

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 5. gr. reglna þessara um tekjuviðmið við eftirfarandi aðstæður:

- Hafi umsækjandi orðið fyrir meiri háttar röskun á stöðu sinni og högum og tekjur sl. sex mánaða eru minna en 20% yfir tekjuviðmiði skv. e-lið 1. mgr. 5. gr. reglna þessara og umsækjandi á í miklum félagslegum erfiðleikum sem hafa leitt til skerðingar á tekjum.
- Vegna óvenju þungrar framfærslubyrði eða verulega íþyngjandi kostnaðar s.s. vegna heilsufars.



Umsóknir um undanþágur skulu vera skriflegar þar sem gerð er grein fyrir ástæðu undanþágubeiðni. Umsóknir um undanþágu skv. þessu ákvæði skulu afgreiddar á fjölskyldusviði Garðabæjar.

### **III. kafli**

#### **Sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk**

##### **7. gr.**

##### **Skilyrði fyrir því að umsókn um sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk verði samþykkt á biðlista**

Umsækjandi skal uppfylla öll skilyrði 7. gr. til að umsókn verði samþykkt á biðlista.

- a) Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi, sbr. 1. gr. reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016.
- b) Umsækjandi um sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk skal hafa staðfesta fötlunargreiningu og vera metinn í þörf fyrir sértækt húsnæði. Hafi umsækjandi verið metinn samkvæmt mati á stuðningsþörf (SIS) skal hann vera metinn í 5. flokk eða hærra. Að öðrum kosti þarf umsækjandi að hafa verið metinn með þjónustuþörf umfram 15 klst. á viku á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- c) Hafi umsækjandi tímabundið dvalarleyfi er skilyrði að gildistími dvalarleyfis sé að lágmarki 12 mánuðir.
- d) Umsóknir skulu metnar samkvæmt matsviðmiðum, sbr. fylgiskjal nr. 2 með reglum þessum. Við lok mats eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig. Til þess að umsókn um sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk verði samþykkt skal umsækjandi metinn til að lágmarki 6 stiga.
- e) Umsókn umsækjanda sem er í vanskilum með leigugreiðslur við Garðabæ öðlast því aðeins gildi hafi umsækjandi gert full skil á vangoldnum leigugreiðslum eða um skuldina hafi verið samið. Sama gildir um umsókn um milliflutning. Umsækjanda skal leiðbeint um þau úrræði sem honum standa til boða vegna fjárhagserfiðleika.

Fjölskyldusvið Garðabæjar fer yfir og leggur faglegt mat á umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði og samþykkir umsóknir á biðlista eða eftir atvikum hafnar þeim. Umsækjanda skal tilkynnt skriflega um hvort umsókn hans hafi verið samþykkt á biðlista og hvernig umsókn hans hafi verið metin skv. d. lið 1. mgr. 7. gr. reglna þessara.

##### **8. gr.**

##### **Skilyrði um skráningu lögheimilis í Garðabæ þegar búseta hefst**

Skilyrði er að umsækjandi eigi lögheimili í Garðabæ þegar búseta í sértæku húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk hefst.

### **IV. kafli**

## **Forgangsröðun, úthlutun og endurnýjun**

### **9. gr. Úthlutun**

Þegar kemur að úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis er farið yfir umsóknir á fjölskyldusviði og staðfest hvort skilyrði 5. gr. og 7. gr. eru enn uppfyllt. Uppfylli umsækjandi ekki lengur þau skilyrði sem koma fram í 5. gr. og 7. gr. reglna þessara, á meðan beðið er úthlutunar í félagslegt leiguhúsnæði, er heimilt að vísa umsókn frá þrátt fyrir að hún hafi áður verið samþykkt á biðlista.

Úthlutunarteymi félagslegs leiguhúsnæðis forgangsraðar umsóknum með hliðsjón af stigamati sem framkvæmt hefur verið samkvæmt matsviðmiðum í fylgiskjölum reglna þessara og greinargerð ráðgjafa. Gildir þá alla jafna að sá sem hefur flest stig er í forgangi.

Þegar almennu félagslegu leiguhúsnæði er úthlutað skal hafa stærð og gerð húsnæðis til hliðsjónar. Heimilt er að líta framhjá umsækjanda, sem alla jafna ætti rétt til úthlutunar, ef húsnæðið er ekki talið henta viðkomandi einstaklingi eða fjölskyldu. Þarf í þeim tilvikum að líta til fjölskyldustærðar, líkamlegs heilsufars umsækjanda eða fjölskyldumeðlima og annarra þátta sem máli kunna að skipta.

Jafnframt þarf við úthlutun almenns félagslegs leiguhúsnæðis að gæta þess að ekki séu til staðar aðstæður sem hamla því að viðkomandi geti búið í húsinu, s.s. þinglýstar kvaðir sem takmarka til hvaða hóps hægt er að úthluta leiguhúsnæði.

Við úthlutun má hafa til hliðsjónar að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegri blöndun.

Við forgangsröðun umsókna um sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk með miklar og flóknar þjónustuparfir skal taka mið af þjónustupörf með hliðsjón af því húsnæði sem í boði er og samsetningu íbúa á viðkomandi heimili.

Við úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis til einstaklinga sem hafa tímabundið dvalarleyfi er gerð krafa um að sex mánuðir séu eftir af gildistíma dvalarleyfis.

### **10. gr. Tilkynning um úthlutun og höfnun leiguhúsnæðis**

Umsækjanda skal tilkynnt skriflega þegar úthlutun til hans hefur farið fram. Umsækjanda er veittur 7 daga frestur til að svara hvort hann þiggi úthlutun húsnæðisins. Ef svar berst ekki innan framangreinds frests er litið svo á að umsækjandi þiggi ekki úthlutun.

Hafi umsækjandi hafnað leiguhúsnæði án málefnalegra ástæðna er heimilt að senda viðkomandi tilkynningu þess efnis að litið sé svo á að umsækjandi hafi dregið umsókn sína til baka og sé hún því fallin úr gildi. Veita skal umsækjanda andmælarétt áður en umsókn hans er tekin af biðlista eftir leiguhúsnæði og skal honum send tilkynning um það.

## **V. kafli Leigusamningur, ákvörðun húsaleigu, innheimta leigu og flutningur í annað húsnæði**

### **11. gr.**

#### **Leigusamningar, ákvörðun húsaleigu, innheimta leigu og umsjón fasteigna**

Fjölskyldusvið Garðabæjar annast frágang leigusamninga og um þá gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994. Um réttarsamband leigutaka og Garðabæjar gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 og ákvæði stjórnslulaga nr. 37/1993.

Húsaleigusamningar um almennar félagslegar íbúðir eru gerðir til sex mánaða til reynslu. Að jafnaði skal í framhaldi af því gera tímabundinn húsaleigusamning til árs í senn. Heimilt er að bjóða leigutaka annað húsnæði sem talið er henta betur fyrir þarfir leigutaka. Getur það verið flutningur innan eða milli úrræða.

Að jafnaði eru gerðir ótímabundnir leigusamningar vegna sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk.

Leigutaki félagslegs leiguhúsnæðis verður að fullnægja, eftir atvikum, skilyrðum 5. gr. og 7. gr. reglna þessara allt það tímabil sem leigusamningur gildir og skal hann eiga lögheimili í leiguhúsnæðinu óslitið á leigutíma.

### **12. gr.**

#### **Flutningur í annað félagslegt húsnæði**

Óski leigutaki eftir flutningi úr núverandi félagslegu leiguhúsnæði í annað félagslegt leiguhúsnæði sem fellur undir sama kafla í reglum þessum skal hann leggja fram umsókn. Umsækjandi skal fullnægja skilyrðum 5. gr. eða 7. gr. reglnanna og vera í skilum með húsnæðiskostnað.

Heimilt er að samþykkja umsókn um flutning ef um ríkar ástæður er að ræða, s.s. alvarlegt heilsuleysi, breytta fjölskyldustærð eða vegna þess að mikil vandkvæði eru bundin við núverandi búsetu.

Leigjendur sem fengið hafa samþykka umsókn um flutning í annað félagslegt leiguhúsnæði, skulu að jafnaði eiga forgang við úthlutun slíks íbúðarhúsnæðis. Flutningur í annað húsnæði vegna leyfis fyrir dýrahaldi telst að jafnaði ekki til ríkra ástæðna í ofangreindum skilningi.

Umsækjanda skal tilkynnt um hvort umsókn hans um flutning í annað félagslegt leiguhúsnæði hafi verið samþykkt á biðlista.

## **VI. kafli**

### **Afturköllun stjórnvaldsákvörðunar**

### **13. gr.**

#### **Afturköllun stjórnvaldsákvörðunar um samþykki á biðlista**

Réttur Garðabæjar til afturköllunar ákvörðunar um samþykki á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði er bundinn við þau tilvik þegar umsækjandi uppfyllir ekki lengur skilyrði reglna þessara, eftir atvikum skilyrða 5. gr. og 7. gr., eða hafnar úthlutun án málefnalega ástæðna, sbr. 10. gr. reglnanna.

Afturköllun ákvörðunar um samþykki á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði er stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

#### **14. gr.**

##### **Afturköllun stjórnvaldsákvörðunar um úthlutun húsnæðis**

Réttur Garðabæjar til afturköllunar ákvörðunar um úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis er bundinn við þau tilvik þegar leigutaki uppfyllir ekki skilyrði reglna þessara, eða brýtur gegn ákvæðum leigusamnings, þjónustusamnings eða ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 að öðru leyti.

Afturköllun ákvörðunar um úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis er stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Afturköllun ákvörðunar um úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis getur eftir atvikum leitt til uppsagnar eða riftunar á húsaleigusamningi. Um uppsögn og riftun gilda ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994.

Fjölskylduráð skal meta hvort tilefni sé til að veita undanþágu frá settum skilyrðum áður en leigusamningi er sagt upp. Í sérstökum tilvikum getur fjölskylduráð lagt til að leigusamningur verði framlengdur tímabundið ef leigutaki hefur ekki greiðslugetu til að afla sér húsnæðis á annan hátt eða vegna félagslegra erfiðleika, heilsufars, skertrar vinnugetu, fjölskylduaðstæðna, fjölda barna, atvinnumissis eða annarra sérstakra aðstæðna.

### **VII. kafli.**

#### **Lok leigusamnings, afnot, ábyrgð leigutaka, endurnýjun umsókna og ráðgjöf**

#### **15. gr.**

##### **Breyttar aðstæður**

Umsækjandi skal vera í tengslum við fjölskyldusvið á meðan beðið er úthlutunar á húsnæði og gera grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þeim. Leigutaki skal upplýsa fjölskyldusvið Garðabæjar verði breytingar á aðstæðum hans sem áhrif kunna að hafa á hvort skilyrðum reglna þessara, eftir atvikum 5. gr. og 7. gr. reglnanna, sé fullnægt.

Ef leigutaki gengur í hjúskap, hefur sambúð eða aðstæður hans breytast með öðrum hætti á leigutímanum, skal hann tilkynna fjölskyldusviði Garðabæjar þar um, enda forsendur aðrar en þegar að úthlutun kom. Kanna skal reglulega hvort aðstæður leigutaka hafi breyst samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá.

Hafi aðstæður leigutaka breyst skal hafa samband við hann og eftir atvikum skal kanna félagslegar og fjárhagslegar aðstæður í heild sinni og meta að nýju. Ef félagslegar aðstæður leigutaka eða fjárhagsaðstæður falla eigi lengur að skilyrðum reglna þessara leiðir það til afturköllunar á stjórnvaldsákvörðun um úthlutun á félagslegu leiguhúsnæði.

Leigutaki félagslegs leiguhúsnæðis skal eiga lögheimili í leiguhúsnæðinu óslitið á leigutímanum.

#### **16. gr.**

## **Afnót húsnæðis**

Leigutaka er óheimilt að heimila öðrum afnot af hinu leigða húsnæði. Ákvæðinu er þó ekki ætlað að koma í veg fyrir að leigutaki heimili fjölskyldumeðlimum, s.s. foreldrum eða systkinum leigutaka, að dvelja í íbúð með sér til skemmri tíma.

Börnum leigutaka, sem búsett eru hjá honum og ná 18 ára aldri eftir úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis, er heimilt að vera áfram búsett hjá leigutaka eftir að 18 ára aldri er náð. Frá 20 ára aldri er þó lítið til tekna og eigna afkomenda þegar metið er hvort réttur til setu í leiguhúsnæði hjá Garðabæ er enn fyrir hendi.

Framleiga félagslegs leiguhúsnæðis er með öllu óheimil. Verði leigutaki uppvís að því að framleigja leiguhúsnæði eða heimila öðrum afnot af því getur það leitt til afturköllunar á stjórnvaldsákvörðun varðandi úthlutun á félagslegu leiguhúsnæði, sbr. þó 1. mgr. þessarar greinar.

## **17. gr.**

### **Gæludýrahald**

Um hunda- og kattahald í leiguíbúðum Garðabæjar í fjöleignarhúsi gilda staflíðir a.-d í 33. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994. Þetta gildir með þeirri undantekningu að þegar svo háttar að Garðabær er eigandi íbúðar þar sem leitað er samþykki fyrir hunda- og/eða kattahaldi afsalar sveitarfélagið sér atkvæðisrétti sínum til skráðs leigjanda skv. leigusamningi. Að öðru leyti er gæludýrahald leyfilegt í leiguíbúðum Garðabæjar. Almenn er ekki tekið sérstakt tillit til óska um íbúð á jarðhæð eða í sérbylí á grundvelli þess að umsækjandi sækist eftir því að halda hund eða kött.

## **18. gr.**

### **Leiga**

Leiga er bundin vísitölu neysluverðs og breytist mánaðarlega í samræmi við hana. Bæjarstjórn getur einnig tekið ákvörðun um breytingar á leigufjárhæðum og taka breytingar þá gildi á þeim tíma sem mælt er fyrir um í ákvörðun bæjarstjórnar.

## **19. gr.**

### **Ástand íbúðar**

Úttekt á ástandi húsnæðis er gerð við upphaf og lok leigu. Í leigusamningi eru ákvæði um ástand hins leigða, úttektir, viðhald og umgengni.

## **20. gr.**

### **Ábyrgð á leiguhúsnæði**

Leigutaki ber óskipta bótaábyrgð gagnvart Garðabæ á allri rýrnun húsnæðisins eða spjöllum á því í samræmi við XIII. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994. Garðabær krefur leigutaka um greiðslu vegna tjóns sem unnið var á húsnæðinu á meðan á leigutíma stóð.

## **21. gr.**

### **Endurnýjun og endurmat umsókna**

Við endurnýjun umsóknar, eða hvenær sem er á biðtíma, getur farið fram endurmat á hvort skilyrðum reglna þessara sé fullnægt. Rétt til félagslegs leiguhúsnæðis má endurskoða hvenær sem er.

Ef viðhalda á gildi umsóknar um félagslegt leiguhúsnæði eða umsókn um flutning í annað félagslegt húsnæði skal umsækjandi í ágúst ár hvert endurnýja umsókn sína og skila inn nýjum gögnum, sbr. 4. gr. reglna þessara. Endurnýjun fer að jafnaði fram á íbúagátt Garðabæjar/Mínum Garðabæ. Við endurnýjun skal umsækjandi gera grein fyrir hugsanlegum breytingum á aðstæðum hans sem áhrif kunna að hafa á rétt hans til úthlutunar og skila inn viðeigandi gögnum.

Við endurnýjun umsóknar fer fram endurmat á hvort skilyrðum eftir atvikum 5. gr. og 7. gr. reglna þessara sé fullnægt. Endurmat umsóknar getur falið í sér breytingar á stigagjöf sem geta haft áhrif á forgangsröðun umsóknar. Skal umsækjanda tilkynnt um það með tryggilegum hætti ef endurnýjun leiðir til breytinga á stigagjöf. Sé umsókn ekki endurnýjuð fellur hún úr gildi.

Komi í ljós við endurmat að þau skilyrði sem koma eftir atvikum fram í 5. gr. og 7. gr. reglna þessara séu ekki lengur uppfyllt, á meðan beðið er úthlutunar í félagslegt leiguhúsnæði, er heimilt að afturkalla stjórnvaldsákvörðun um samþykki á biðlista, sbr. 14. gr. reglna þessara.

## **22. gr.**

### **Ráðgjöf á biðtíma**

Ráðgjafi skal endurmeta aðstæður umsækjanda á meðan beðið er úthlutunar á leiguhúsnæði og veita félagslega ráðgjöf ef þurfa þykir. Fáir umsækjandi um sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk umsókn samþykkt á biðlista, en ljóst er að ekki er hægt að útvega húsnæði innan þriggja mánaða, skal tilkynna umsækjanda um ástæður tafanna og hvenær fyrirhugað er að húsnæðisúrræði verði tilbúið. Þegar umsækjanda um sértækt húsnæðisúrræði er tilkynnt um að hann sé kominn á biðlista skal unnin áætlun um útvegum viðeigandi húsnæðisúrræðis og hvort og þá hvers konar annað úrræði standi til boða á biðtíma.

## **VIII. kafli**

### **Málsmeðferð**

## **23. gr**

### **Málsmeðferð**

Um málsmeðferð samkvæmt reglum þessum gilda ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, VII. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

## **24. gr.**

### **Könnun á aðstæðum**

Fjölskyldusvið skal kanna aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um félagslegt leiguhúsnæði hefur borist og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvarðanir eru teknar.

## **25. gr.**

### **Rangar eða villandi upplýsingar**

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum. Ef umsókn um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það ógildingum umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

## **26. gr.**

### **Samvinna við umsækjanda**

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmann hans, lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á.

Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

## **27. gr.**

### **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt til upplýsinga um vinnslu persónuupplýsinga og aðgangs að persónuupplýsingum um sig skv. lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum aðilum, skv. upplýsingalögum nr. 140/2012.

## **28. gr.**

### **Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum**

Starfsmenn fjölskyldusviðs/úthlutunarteymi Garðabæjar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskylduráðs Garðabæjar.

## **29. gr.**

### **Niðurstaða og rökstuðningur synjunar**

Kynna skal niðurstöðu umsóknar með tryggilegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn ekki samþykkt á biðlista skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að fjölskylduráð Garðabæjar fjalli um umsóknina.

### **30. gr.**

#### **Málskot til fjölskylduráðs**

Ákvörðun fjölskyldusviðs vegna umsóknar um félagslegt leiguhúsnæði má skjóta til fjölskylduráðs Garðabæjar. Skal það gert skriflega og eigi síðar en fjórum vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun. Ákvörðun fjölskylduráðs skal kynnt umsækjanda með tryggilegum hætti og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

### **31. gr.**

#### **Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála**

Umsækjandi getur kært ákvörðun fjölskylduráðs Garðabæjar til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 63. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 35. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með stuðningsþarfir.

Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun fjölskylduráðs, sbr. 5. gr. laga nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála.

### **32. gr.**

#### **Gildistaka**

Reglur þessar öðlast gildi við samþykki bæjarstjórnar. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um úthlutun félagslegra leiguíbúða Garðabæjar frá árinu 2002.

### **33. gr.**

#### **Endurupptaka máls**

Hægt er að óska eftir endurupptöku máls ef ákvörðun fjölskylduráðs hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til fjölskylduráðs innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Meti fjölskylduráð að lagaleg skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi tekur fjölskyldusvið erindið til efnislegrar meðferðar

### **34. gr.**

#### **Gildistaka**

Reglur þessar öðlast gildi við samþykki bæjarstjórnar. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um úthlutun félagslegra leiguíbúða Garðabæjar frá árinu 2002.

#### **Ákvæði til bráðabirgða**

Umsóknir sem lagðar hafa verið fram í gildistíð eldri reglna um leiguíbúðir Garðabæjar halda gildi sínu en skulu endurmetnar samkvæmt reglum þessum.

Fylgiskjöl:

1. Matsviðmið um almennt félagslegt leiguhúsnæði



2. Matsviðmið um sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk.
3. Matsviðmið um flutning í annað félagslegt leiguhúsnæði.
4. Upphæðir tekju- og eignamarka árið 2020.

## Matsviðmið um almennt félagslegt leiguhúsnæði

Aðeins er hægt að fá stig fyrir einn lið í hverjum flokki

Flokkar	Stig	Stigaskor
<b>Flokkur 1 - Tekjur</b>		
A: Árstekjur hærri en 80% af hámarksfjárhæð (0 stig)	0	
Einstaklingur: yfir 4.425.600 kr.		
Hjón/sambúðarfólk: yfir 6.196.800 kr.		
B: Árstekjur frá 70-80% af hámarksfjárhæð (2 stig)	2	
Einstaklingur: 3.872.401 - 4.425.600 kr.		
Hjón/sambúðarfólk: 5.422.201 - 6.196.800 kr.		
C: Árstekjur frá 60-70% af hámarksfjárhæð (3 stig)	3	
Einstaklingur: 3.319.201 - 3.872.400 kr.		
Hjón/sambúðarfólk: 4.647.601 - 5.422.200 kr.		
D: Árstekjur 60% af hámarksfjárhæð eða minna (5 stig)	5	
Einstaklingur: 3.319.200 kr. eða minna		
Hjón/sambúðarfólk: 4.647.600 kr. eða minna		
<b>Flokkur 2 - Staða umsækjanda</b>		
Á ekki við	0	
75% öryrki eða fær greiddan endurhæfingarlífeyri	1	
Ellilífeyrisþegi	1	
Langvarandi atvinnuleysi og/eða skert starfsgeta. Málefni umsækjanda eru einnig í vinnslu hjá félagsþjónustu eða umsækjandi er í endurhæfingu hjá viðurkenndum aðilum	1	
Umsækjandi hefur viðurkennda fötlun sem hefur áhrif á getu til framfærslu	3	
<b>Flokkur 3 - Staða maka/sambúðaraðila</b>		
Á ekki við.	0	
75% öryrki eða fær greiddan endurhæfingarlífeyri	1	
Ellilífeyrisþegi	1	
Langvarandi atvinnuleysi og/eða skert starfsgeta. Málefni maka eru einnig í vinnslu hjá félagsþjónustu eða maki er í endurhæfingu hjá viðurkenndum aðilum	1	
<b>Flokkur 4 - Börn</b>		
(börn í jafnri umgengni en eiga ekki lögheimili hjá umsækjanda teljast sem börn á heimili í skilningi þessa kafla)		
Á ekki við (0 stig)	0	
Barn í reglulegri umgengni hjá umsækjanda (umgengni að lágmarki 60 daga á ári skv. samningi)	1	
Eitt barn með lögheimili hjá umsækjanda	2	
Tvö til þrjú börn með lögheimili hjá umsækjanda	3	
Fjögur börn eða fleiri með lögheimili hjá umsækjanda	4	
<b>Flokkur 5 - Sérstakar aðstæður barna</b>		
Á ekki við	0	
Réttur foreldra til umönnunarbóta hefur verið metinn af Tryggingastofnun í 4-5. flokk	1	
Réttur foreldra til umönnunarbóta hefur verið metinn af Tryggingastofnun í 1.-3. flokk	2	
Verulegir erfiðleikar, málefni barns eru til umfangsmikillar vinnslu í félagsþjónustu eða hjá barnavernd	2	
<b>Flokkur 6 - Húsnæðisaðstaða</b>		

Viðunandi: Öruggt húsnæði. Meira en sex mánuðir eftir af húsaleigusamningi. Húsaleigukostnaður að fráðregnum húsnæðisbótum er minni en 30% af heildartekjum heimilis (brúttótekjur)	0	
Íþyngjandi húsnæðiskostnaður: Húsnæðiskostnaður að fráðregnum húsnæðisbótum og sérstökum húsnæðisstuðningi er hærri en 30% af heildartekjum heimilis (brúttótekjur)	1	
Óöryggi: Á áfangahæð, meðferðarheimili eða stofnun, yfirvofandi missir húsnæðis innan sex mánaða og á að engu að hverfa, býr inni á öðrum, óöruggt húsnæði	2	
Neyð: á götunni, gistiheimili, býr inni á öðrum við <u>verulega íþyngjandi aðstæður</u> eða heilsuspillandi húsnæði samkvæmt vottorði frá heilbrigðisyfirvöldum	3	

Flokkur 7 - Aðrar félagslegar aðstæður umsækjanda/fjölskyldu		
Á ekki við	0	
Refsidómur hefur afgerandi áhrif á húsnæðisstöðu og möguleika viðkomandi til að fá húsnæði á almennum markaði skv. mati ráðgjafa	1	
Umsækjandi glímir við fjölbættan vanda sem hefur afgerandi áhrif á húsnæðisstöðu og/eða færni til að leigja á almennum markaði, þrátt fyrir stuðning félagsþjónustu eða annarra aðila	1	
Skyndileg alvarleg áföll sem hafa afgerandi áhrif á húsnæðisstöðu þ.m.t. getu viðkomandi til að finna húsnæði samkvæmt mati ráðgjafa	3	

Flokkur 8 - Aldur umsóknar		
Umsókn er eldri en 1 árs	1	
Umsókn er eldri en 2 ára	2	
Umsókn er eldri en 3 ára	3	

<b>Stigaskor samtals:</b>		0
---------------------------	--	---

## Matsviðmið um sértækt félagslegt leiguhúsnæði fyrir fatlað fólk

Aðeins er hægt að fá stig fyrir einn lið í hverjum flokki

Flokkar	Stig	Stigaskor
<b>Flokkur 1 - Húsnæðisaðstæður</b>		
Umsækjandi býr í öruggu húsnæði, s.s. í eigin fasteign eða í leiguhúsnæði með meira en 6 mánaða samning og húsnæðið mætir þörfum umsækjanda	0	
Umsækjandi býr hjá aðstandendum og ekki er brýn þörf á sértæku húsnæði	1	
Umsækjandi býr í öruggu húsnæði, s.s. í eigin fasteign eða í leiguhúsnæði með meira en 6 mánaða samning en húsnæðið mætir ekki þörfum umsækjanda	2	
Umsækjandi býr hjá aðstandendum og brýn þörf er á sértæku húsnæði	3	
Mjög mikil vandkvæði bundin núverandi húsnæðisúrræði	4	
Milliflutningur á milli mismunandi tegunda félagslegs leiguhúsnæðis hjá fjölskyldusviði	4	
Umsækjandi hefur farið af heimili í tímabundið húsnæðisúrræði vegna verulegra erfiðra aðstæðna	6	
<b>Flokkur 2 - Félagslegar aðstæður</b>		
Stuðningur við umsækjanda reynist krefjandi við núverandi húsnæðisaðstæður	1	
Umsækjandi þarf meiri stuðning en hægt er að veita við núverandi húsnæðisaðstæður	2	
Veruleg umönnunarpörf sem skapar óviðunandi álag fyrir umsækjanda og umönnunaraðila	3	
Umsækjandi hefur dvalið tímabundið utan heimilis á síðustu 12 mánuðum, vegna álags á umönnunaraðila	4	
Miklir og langvarandi erfiðleikar vegna félagslegra aðstæðna, s.s. ef umsækjandi fær ekki nauðsynlegan stuðning við núverandi aðstæður. Aðstæður eru verulega slæmar	4	
Umsækjandi hefur dvalið utan heimilis í meira en 3 mánuði á síðustu 12 mánuðum, vegna álags á umönnunaraðila	6	
<b>Flokkur 3 - Staða umsækjanda samkvæmt SIS mati</b>		
SIS 5-8 (þarf 16-20 tíma á viku í stuðning)	2	
SIS 9-10 (þarf verulegan stuðning)	4	
SIS 11-12 A/B (þarf sólarhringsþjónustu)	6	
<b>Flokkur 4 - Aldur umsóknar</b>		
Umsókn er eldri en 1 árs	1	
Umsókn er eldri en 2 ára	2	
Umsókn er eldri en 3 ára	3	
<b>Stigaskor samtals:</b>		<b>0</b>

**Matsviðmið um flutning í annað félagslegt leiguhúsnæði**

Aðeins er hægt að fá stig fyrir einn lið í hverjum flokki

<b>Flokkar</b>	<b>Stig</b>	<b>Stigaskor</b>
<b>Flokkur 1 - Húsnæðisstaða m.t.t. fjölskyldustærðar</b>		
Á ekki við	0	
Ósk um stærra húsnæði vegna reglulegrar umgengni við barn/börn	1	
Ósk um minna/stærra húsnæði vegna breytinga á fjölskyldustærð	3	
<b>Flokkur 2 - Félagslegar og/eða heilsufarslegar aðstæður</b>		
Á ekki við	0	
Óánægja með núverandi staðsetningu	1	
Flutningur milli þjónustuúræða af sömu tegund	3	
Nokkur vandkvæði bundin búsetu í núverandi húsnæði	3	
Mjög mikil vandkvæði bundin núverandi húsnæði	4	
<b>Stigaskor samtals:</b>		<b>0</b>

## Til bæjarstjórnar

### Efni: Samkeppni um 6 deilda leikskóla í Urriðaholti

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að efna til samkeppni í samstarfi við Arkitektafélag Íslands um hönnun leikskóla í Urriðaholti.

Skipa skal fimm manna dómnefnd vegna samkeppninnar og skal hún skipuð þremur fulltrúum tilnefndum af Garðabæ og tveimur fulltrúum frá Arkitektafélagi Íslands.

Dómnefndin skal semja keppnislýsingu og gera nánari afmörkun á verkefninu. Gera skal ráð fyrir að samkeppnin hefjist á árinu 2020.

#### Greinargerð:

Í deiliskipulagi sem samþykkt var 28.1.2014 fyrir norðurhluta 1 í Urriðaholti er gert ráð fyrir 6176 m<sup>2</sup> lóð undir leikskóla. Leikskólalóðin er við Holtsveg neðan götu og opnast út að grænu svæði sem liggur frá efri hluta holtsins niður í átt að Kauptúni.

Íbúðabyggð í Urriðaholti er í örum vexti og búa nú um 2500 íbúar á svæðinu. Gert er ráð fyrir að íbúafjöldi verði í hverfinu fullbyggðu um 5000. Í Urriðaholtsskóla eru nú 156 börn á leikskólaaldri í 7 deildum. Í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ eru fyrirheit um að skoða möguleika á lausnum fyrir foreldra vegna vistunar barna um leið og fæðingarorlofi lýkur. Jafnframt að inntaka í leikskóla sveitarfélagsins verði a.m.k. tvisvar á ári. Fyrirhugaður 6 deildar leikskóli er meðal annars til að koma til móts við þau markmið.

Bæjarstjóra er falið að undirbúa framgang ofangreindrar tillögu og upplýsa bæjarráð reglulega um stöðu verkefnisins.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs.

## Tillaga að Garðabær hefji söfnun á lífrænum úrgangi

Lagt er til að umhverfis- og tæknisviði verði falið að kanna kostnað og möguleika á sérsöfnun á lífrænum úrgangi í sveitarfélaginu. Skoða þarf mögulegar útfærslur á söfnunartunnum, bæði við heimili og grenndargáma. Hugsa má verkefnið sem tilraunaverkefni.

### Greinargerð:

Ekki verður leyft að urða lífrænan úrgang hér á landi frá og með árinu 2021, samkvæmt lagafrumvarpi sem lagt verður fram á Alþingi 2020-2021

Tilgangur með uppbyggingu Gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu er að hætta urðun lífræns- og brennanlegs úrgangs og um leið spara útblástur sem nemur 90 þúsund tonnum af koltvísýringi árlega. Þetta er mikilvægt m.t.t. sjálfbærni hringrásarhagkerfisins og betri farvegur til flokkunar á heimilum styður við þá þróun.

Samkvæmt árlegum rannsóknum SORPU á sorpi frá heimilum kemur í ljós að mjög hefur dregið úr magni pappá, pappírs og plasts sem berst til Sorpu í sorptunnum heimila á sama tíma og eldhúsúrgangur hefur aukist lítillega.

Mikilvægt er að flokka endurvinnsluefni eins og pappír, plast, textíl, gler og hættulegan úrgang eins og spilliefni í þar til gerða farvegi - í pappírstunnur, grenndargáma og á endurvinnslustöðvar SORPU. Þannig hámarkum við nýtingu og virði mismunandi efnistegunda og aukum möguleika á nýting þeirra og endurvinnslu sem er þá í takti við hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins. Markmiðið er að orkutunnan innihaldi sem minnst af öðrum efnum en lífrænum úrgangi.

Að bjóða íbúum upp á sérsöfnun á lífrænum úrgangi mun að öllum líkindum leiða til minni matarsóunar, styður það við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrga neyslu sem og heimsmarkmið um aðgerðir í loftslagsmálum.

Jóna Sæmundsdóttir

Ingvar Arnarson

**Tillögur Garðabæjarlistans til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2021**  
**Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir**

**Forgangs röðun uppbyggingar leik- og grunnskóla**

- Bygging nýs leikskóla í Urriðaholti í útboð
- Lóð efst á Hnoðraholti, (samfélagslóð - reitur 4.05 í aðalskipulagi) verði tekin til deiliskipulags í Hnoðraholti Norður og skipulögð sem leikskólalóð samhliða áformunum um uppbyggingu á hverfinu. Lóðin yrði hönnuð fyrir 4 eða 6 deilda leikskóla. Með því að deiliskipuleggja leikskólalóðina samhliða deiliskipulagningu hverfisins er tryggt að þjónusta leikskólans taki mið af þörfum íbúa hverfisins.
- Lóð undir leik- og grunnskóla sé skipulögð og tekin inn á núverandi deiliskipulag í auglýsingu í Vetrarmýri. Með því að deiliskipuleggja lóð undir þessa þjónustu strax frá upphafi er hægt að veita vissu um hvar og hvernig þjónustan verður.
- Samhliða nýjum leikskóla í Hnoðraholti sem hannaður yrði með sérstaka ungbarnadeild yrði óhagkvæmar eða úreltar leikskóladeildir lokaðar.
- Tryggja þarf leikskóla í Lyngáshverfi og hann sé skipulagður og hannaður áður en uppbygging hefst. Sá leikskóli þarf að vera hagkvæm rekstrareining fyrir börn frá 12 mánaða aldri.
- Farið verði í framkvæmdir á næsta hluta Urriðaholtsskóla.



## Tillögur Garðabæjarlistans til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2021

Garðabæjarlistinn leggur sömuleiðis áherslu á fjárfestingar til framtíðar á öðrum sviðum og leggur því til forgangsröðun verkefna í þágu betri þjónustu við íbúa með því að annars vegar ráðast í þau stafrænu verkefni sem þegar hafa verið kortlögð og hins vegar að meta þörf fyrir tímabundnar ráðningar þar sem þörfin er vegna aukins álags á félagsþjónustuna.

- **Stafræn tækni rafræn þjónusta.** Garðabær flýti fyrirhuguðum verkefnum sem snúa að rafrænni þjónustu sveitarfélagsins.

## Tillögur Garðabæjarlistans til fjárhagsáætlunargerðar vegna ársins 2021

Garðabæjarlistinn leggur sömuleiðis áherslu á fjárfestingar til framtíðar á öðrum sviðum og leggur því til forgangsröðun verkefna í þágu betri þjónustu við íbúa með því að annars vegar ráðast í þau stafrænu verkefni sem þegar hafa verið kortlögð og hins vegar að meta þörf fyrir tímabundnar ráðningar þar sem þörfin er vegna aukins álags á félagsþjónustuna.

- **Tímabundnar ráðningar við stoðþjónustu.** Garðabæjarlistinn óskar eftir því að gert verði mat á stöðunni innan félagsþjónustunnar þ.e. á því hvar aukið álag skapast við þær aðstæður sem nú eru uppi sem hægt væri að styðja við með tímabundnum ráðningum.